

## Ritdómur

*Lúther: Ævi — áhrif — arfleifð*  
eftir Karl Sigurbjörnsson,  
Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2017, 88 bls.

Í þessu látlausa en afar læsilega riti um Marteín Lúther segir Karl Sigurbjörnsson biskup að Lúther hafi verið „í mun að brjóta niður múra milli lærðra og leikra svo kristni yrði aðgengi-  
leg á mannamáli“ (bls. 32). Þessa list, að tala eða skrifa þannig að hinn kristni boðskapur  
höfði til breiðs lesenda- eða áheyrendahóps, kann Karl sjálfur flestum íslenskum kenni-  
mönnum betur. Og sá hæfileiki hans birtist vel í þessu riti hans.

Að undanförunu hefur verið gefið út mikið efni á íslensku um eða eftir Lúther í tilefni þess  
að 31. október síðastliðinn voru liðin 500 ár frá því að Lúther festi 95 greinar á hurð Hallar-  
kirkjunnar í Wittenberg til að gagnrýna spillingu sem grafið hafði um sig í kirkjunni í formi  
aflátssölu. Þau rit, sem sannarlega verðskulda ítarlega umfjöllun, eru ekki til umræðu hérna,  
heldur þetta gagnorða yfirlitsrit sem vakti áhuga minn.

Í bókinni rekur Karl ævi Lúthers, áhrif og arfleifð. Þar birtist saga um hugrakkan mann  
sem reis upp gegn valdastofnunum samtíma síns í krafti sannfæringar og réttlætiskenndar.  
Hann setti frelsi mannsins á dagskrá (bls. 3). Hann lagði áherslu á að guðsþjónustan færi  
fram á móðurmálinu. Hann þýddi Biblíuna alla á þýsku og er almennt viðurkennt að sú  
þýðing hefur haft afgerandi áhrif á þýskt ritmál og bókmenntir.

Lúther varð snemma mjög handgenginn Davíðssálmum og var þessi bók Biblíunnar  
honum æ síðan kærust allra bóka (bls. 7). Í yfirferð hans yfir Davíðssálma, og umframt allt  
Galatabréfið og Rómverjabréfið, „lukust upp augu hans fyrir náð Guðs sem sýknar seka  
menn. Lúther sagði að í orðum postulans: „Hinn réttláti mun lifa fyrir trú“ hefði hann  
fundið hliðið að Paradís“ (bls. 17).

Rit sem Lúther skrifaði sjálfur breiddust út með ógnarhraða og rauði þráðurinn í öllum  
ritum hans var að trúin væri gjöf Guðs en ekki verk manna. Maðurinn réttlættist fyrir trúna  
eina saman (bls. 35). Þrjú þekktustu rit Lúthers komu öll út árið 1520. Það voru ritin: *Til  
hins kristna aðals*, *Babýlonar berleiðing kirkjunnar* og *Um frelsi kristins manns*. Í þessum ritum setti  
hann fram stefnumál siðbótar í kirkju, samfélagi og trúarlífi. Það sem hann lét eftir sig var  
með ólíkindum að magni. *Fræðin minni* komu út árið 1528. Þar vildi hann bregðast við  
fáfræði almennings og presta í grundvallaratriðum trúarinnar. „Varð þetta litla kver grund-  
völlur almannafræðslu um alla norðanverða Evrópu um aldir og fram á okkar daga,“ segir  
Karl og bætir við: „Því er kverið óneitanlega einhver áhrifamesta kennslubók sem nokkurn  
tíma hefur verið samin“ (bls. 50).

Lúther hélt á lofti helgi hversdagslífsins, „þeim aðstæðum þar sem lífinu var hlúð af  
virðingu og trúmennsku, og taldi það í engu óæðra en bænaíðja klaustursins og messusöngur  
prestanna“ (bls. 41).

Heimili Lúthers og Katrínu konu hans var mjög mannmargt og hefur verið sagt, og undir það tekur Karl, að það hafi orðið „fyrirmynd prestssetra lútherskra kirkna um aldir“ (bls. 67). Matborð þeirra hjóna var þéttsetið við flestar máltíðir og þar var mikið rætt og deilt um guðfræði. Viðstaddir skrifuðu gjarnan hjá sér ummæli Lúthers og hnyttirði, sem síðar voru gefin út og nefndust *Borðræður Lúthers*. Má nefna að sr. Hreinn Hákonarson hefur nú á afmælisári siðbótarinnar daglega birt á fésbókarsíðu sinni brot úr þessum borðræðum. Þar er orðalag á stundum gróft en ekki síður kímið enda var Lúther kímnin í blóð borin. „Kristinn maður á ekki að vera fýlulegur heldur maður sem öllum þykir gott að vera nærri, vingjarnlegur maður“ mun hann hafa sagt (bls. 70).

Lokakafli bókarinnar fjallar um „Fingraför Lúthers í hversdeginum“. Þar er því slegið föstu að Lúther sé „guðfaðir hins vestræna lýðræðissamfélags“ á sviði menntunar, jafnræðis og almennrar þátttöku borgaranna. Við eigum framfar öðrum Lúther að þakka barnaskólana og velferðarsamfélagið.

Jafnframt segir höfundur að við eigum Lúther að þakka aðgreiningu trúar- og ríkisvalds sem einkenni Vesturlönd. Kenning hans um ríkin tvö er nefnd því til staðfestingar. Velferðarsamfélagið sem við þekkjum á Norðurlöndum eigi sömuleiðis rætur að rekja til Lúthers. Það sé „skilgetið afkvæmi hinnar lúthersku siðbótar þar sem krafan er um samfélagslega ábyrgð og skyldur hins opinbera við þau sem efnahagslega og félagslega eru á útjöðrum samfélagsins.“

Skýrustu fingraför Lúthers í hversdegi okkar á Íslandi sér Karl í skilningi okkar á því hvað kristindómur er. „Það er þessi grundvallandi enduruppgötvun hans á hinum náðuga og frelsandi Guði, sem hvert og eitt okkar stendur andspænis“ skrifar Karl og bætir við: „Við erum öll jöfn í augum hans, óháð stétt, stöðu og skoðunum. Í þeirri kenningu hans er líka fólgið frjókorn jafnréttishugsjónar og lýðræðis Vesturlanda“ (bls. 87).

Vafalaust munu einhverjir setja spurningarmerki við ýmsar þessara eða annarra staðhæfinga þessa rits. En bókin er ekki byggð upp sem fræðirit í þeim skilningi að notaðar séu neðanmáls- eða aftanmálsgreinar þar sem rakin væru ólík sjónarmið ýmissa fræðimanna um ýmis álitamál í Lúthersrannsóknum. Bókin gefur sig ekki út fyrir að vera slíkt rit og skal því ekki dæmd á þeim forsendum.

Hér er um að ræða alþýðlegt rit sem höfðar, eins og áður sagði, til breiðs lesendahóps. Bókin er skrifuð á vönduðu máli og með áhugaverðum dæmum sem líkleg eru til að halda áhuga lesandans. Í heildina virðist dregin upp sanngjörn mynd af Lúther og áhrifum hans. Höfundur gerir í bókarlok grein fyrir helstu heimildum sínum, bæði útlendum og innlendum. Er þar m.a. nefndir til sögunnar þeir tveir Íslendingar sem mest hafa á síðari tímum fengist við Lúthersrannsóknir, þ.e. dr. Gunnar Kristjánsson og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson.

Karl telur Lúther meðal áhrifamestu manna sögunnar en hann horfir ekki framhjá því sem klárlega var gagnrýnisvert í boðun hans og á það ekki síst við um rit hans um Gyðinga frá árinu 1543. Það eru skrif sem kirkja sem kennir sig við nafn Lúthers hlýtur að harma og taka afstöðu gegn. Raunar skrifar Karl þetta rit Lúthers að einhverju leyti á heilsuleysi Lúthers sem hann átti við að stríða síðustu árin sem hann lifði og stöðugar þrautir sem gerðu hann skapbráðan. Skrif hans og athugasemdir urðu þá oft illskeytin og óvægin (bls. 82). Og Karl nefnir að tveimur áratugum fyrr hafi Lúther skrifað lítið rit, *Jesús Kristus: Gyðingur að uppruna*, þar sem hann tók til varna fyrir Gyðinga og fordæmdi árásir kristinna manna á þá.

Almennt viðurkenna kaþólskir menn nú að gagnrýni Lúthers á afskræmingu fagnaðar-erindisins, aflátssöluna og aðra spillingu hafi verið réttmæt (bls. 84).

Og sjálfur segir Karl: „Uppgjör Marteins Lúthers var nauðsynlegt. Þörf var fyrir gagnngerar endurbætur á trú, sið og samfélagi.“ En jafnframt segir Karl að við hljótum að harma að í kjölfarið fylgdi „umrót, upplausn, eyðilegging, ofbeldi og langvinnar styrjaldir og hervirki á báða bóga“ (bls. 85).

Lúther lést 18. febrúar 1546, sextíu og tveggja ára að aldri, en daginn áður hafði hann haft yfir lokaorð Krists á krossinum: „Í þínar hendur fel ég anda minn. Þú frelsar mig, Drottinn. Þú trúfasti Guð“ (Slm 31.6). Í kjölfarið fékk hann heilablóðfall sem svipti hann máli. Hann var grafinn í Hallarkirkjunni í Wittenberg, undir prédikunarstólnum.

Niðurstaðan er sú að hér sé um að ræða afar fróðlegt og læsilegt rit um siðbótarmanninn Lúther, sögu hans, boðskap, arfleifð og áhrif. Höfundurinn hefur á réttu að standa er hann segir að upp af baráttu Lúthers hafi sprottið ávextir sem hafi mótað sögu okkar og menningu meira en við gerum okkur almennt grein fyrir. Það er fengur að ritinu fyrir bæði lærða og leika og full ástæða til að óska höfundi til hamingju og þakka um leið bók sem hefur það m.a. sér til ágætis að vekja áhuga lesenda á að fræðast meira um mikilvægt efni.